

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Varmá og Þorleifslæk, en þær eru Stóri-Saurbær, Öxnalækur, Hjalli, Þurá II, Land Árnassýslu v/vatnsréttinda, Bakki II, Þurá ytri, Bakki I, Þurá I, Lágur, Hveragerðisland, Sundlaugarland (Hveragerði), Fagrahvammsland, Nethamrar, Arnarbæli, Krókur (Hjalli), Vellir, Reykir (Garðyrkjuskólinn), Kross, Gufudalur, Krókur (Arnarbæli), Vorsabær, land Magnúsar Ágústssonar (Hveragerði), land NLFÍ (Hveragerði), Lækur, Bjarnarstaðir, Grímslækur ytri, Kröggólfsstaðir, Núpar I, Núpar II, Núpar III, Vötn, Hraunhóll, Hraun, Hraunshjáleiga, Grímslækur efri, Gerðarkot, Hóll, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Riftún, Þúfa, Litli-Saurbær I, Litli-Saurbær II, Ósgerði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og vinna að fiskrækt og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Félagið skal sérstaklega vinna gegn hvers konar mengun og of mikils varma.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknanr fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febr./marz-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga lögum samkvæmt. Henni er skylt að færa inn í gerðabók samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

H A F N A R R E G L U G E R ð
fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Þó má sveitarstjórn kjósa sérstaka 5 manna hafnarstjórn og jafn marga til vara, ef henta þykir. Skal þá jafnframt skipa formann og varaformann, sem þá boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar, ef kjörin er, skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á rétt til setu á fundum sveitarstjórnar, þegar fjallað er um rekstur hafnarinnar, með málfrelsi og tillögurétti, sama gildir á fundum hafnarstjórnar, ef kosin er.